



# Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík  
Sími: 585 9508 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2016.

## **EFNI: : Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (réttur til sambúðar á stofnunum), 352. mál.**

Öldrunarráð Íslands lýsir yfir ánægju með viðleitni Alþingis til að stuðla að auknum sjálfsákvörðunarrétti aldraðra, auknum lífsgæðum þeirra og valfrelsi einstaklinga, eins og grunnhugmynd þessa frumvarps ber með sér.

Hins vegar eru ýmis atriði sem þurfa að vera á hreinu og þarf að útfæra með raunhæfum og markvissum hætti, áður þessi lagabreyting getur átt sér stað. Annars er mikil hætta á að breytingarnar verði ekki til batnaðar. Sérstaklega eru það tvö stór atriði sem þarf að svara áður en lengra er haldið:

- **Fjöldi hjúkrunarrýma.** Mikill skortur er nú á hjúkrunarrýmum á Íslandi en þeim hefur ekki fjölgað í takt við aukningu á fjölda aldraðra síðustu ár og mun ekki gera það á næstu árum. Allir þekkja fráflæðisvanda Landspítala sem mun síst minnka á næstu árum. Velta þarf upp hvort þessi breyting verði til þess að „hressir“ einstaklingar sitji í hjúkrunarrýmum (jafnvel árum saman) í stað þess að veikir einstaklingar í mikilli þörf séu að nýta rýmin og þannig aukist skortur á hjúkrunarrýmum í landinu enn meira en ella hefði orðið. Setja þarf skýrar reglur hvað gerist þegar andlát verður hjá „veikari“ makanum. Þarf „hressari“ makinn þá að flytja út aftur af hjúkrunarheimilinu eða getur viðkomandi búið áfram í rýminu, jafnvel árum saman eftir andlátíð?
- **Mat á heilsufari „hressari makans.“** Tryggja verður að markviss áætlun sé í gangi varðandi mat á heilsufari „hressari makans.“ Í framhaldi af því þarf að vera tryggt að þessi „hressari maki“ fái örugglega nauðsynlega þjónustu ef heilsu hans/hennar hrakar og tryggja hjúkrunarheimili öruggar greiðslur til að sinna aukinni þjónustu vegna þess. Margt fagfólk öldrunarþjónustu hefur jafnframt lýst yfir áhyggjum hvort verið sé að „stofnanavæða“ einstaklinga með þessum hætti. Þá er átt við að hætta er á að „hressari“ makanum hraki mun hraðar ef hann flytur inn á hjúkrunarheimili og fari smá saman að fá ýmsa þjónustu sem hann þyrfti ekki ella.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

  
Pétur Magnússon  
formaður